

**Sp.**

**426. Fyrirspurnir.**

[241. mál]

I. Til menntamálaráðherra um rekstur grunnskóla.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Hvað er kostnaður ríkissjóðs talinn vera mikill við rekstur allra grunnskóla landsins í einn mánuð á þessu skólaári og hve mikill hluti þess kostnaðar er vegna fastra launa þeirra starfsmanna sem taka árslaun?
2. Hver er heildarkostnaður sveitarfélaga við rekstur grunnskóla á sama tíma?
3. Hefur þátttaka grunnskólanema í atvinnulífínu á skólaári verið metin til jafns við verklegt nám, skv. 42. gr. grunnskólalaga, og ef svo er, í hve ríkum mæli?
4. Hver var kostnaður ríkissjóðs við rekstur forskóla, samkv. 74. gr. grunnskólalaga, árið 1983 og hvað er áætlað að hann verði mikill á þessu ári?

II. Til fjármálaráðherra um innheimtu tekjuskatts.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverju nam innheimtur tekjuskattur á árinu 1983 og hvernig skiptist hann á eftirtalda aðila:
  - a) einstaklinga,
  - b) einstaklinga með atvinnurekstur,
  - c) hlutafélög,
  - d) samvinnufélög,
  - e) sameignarfélög?
2. Hve margir greiddu tekjuskatt á árinu 1983 samkvæmt sömu sundurliðun og í 1. lið og hver var fjöldi skattskyldra aðila, sundurgreint á sama hátt?